



ÁRSSKÝRSLA ÆSKULÝÐSNEFNDAR SÖRLA

Veturinn 2016-2017

EFNISYFIRLIT

Starfsárið og nefndin	3
Æskulýðsnefnd 2016-2017:	3
Hestafjör Sörla	3
Ferð í Fákasel	4
Hugmyndaflugsfundur	4
Sameiginlegt Jólaball	5
Öryggisfræðsla í hestamennsku	5
fræðsluspjall með Ella Sig	5
Bingó	6
Barnanámskeið Sörla	6
Grímuleikar Sörla	6
Leikjadagur	7
Æskan og hesturinn	7
„Hestarnir okkar“	8
Fjölskylduferð í krísuvík	9
Opið pollagæðingamót	10
Barna og Pollanámskeið	11
Knapamerkjanámskeið	11
Opnir tímar með leiðsögn	11
Þakkir	12

STARFSÁRIÐ OG NEFNDIN

Það er gæfa hvers félags að hafa hjálpfúst fólk sem er tilbúið að hjálpa til og leggja starfinu lið og nýtur æskan ávalt góðs af slíku fólki. Dagskrá æskulýðsnefndar var metnaðarfull, þétt og fjölbreytt enda nefndin með byr í seglum eftir að hafa hlotnast sá heiður að vera valin handhafar Æskulýðsbikar LH 2016. Viðburðir æskulýðsnefndar lengdu dagskrá Sörla um helming.

Viðburðir voru settir upp með skipulögðum hætti, til að mynda voru viðburðir oftast haldnir á sunnudögum með það fyrir augum að hitta sem minnst á viðburði íþróttafélagana á svæðinu, auk þess sem lítið var um að aðrar nefndir nýttu þá ekki fyrir sína viðburði.

Æskulýðsnefnd 2016-2017:

Dagbjört Hulda Guðbjörnsdóttir, formaður

Bjarnleifur Smári Bjarnleifsson, varaformaður

Björn Páll Angantýsson, gjaldkeri

Freyja Aðalsteinsdóttir

Sara Dögg Björnsdóttir

Össur Pétur Valdimarsson

HESTAFJÖR SÖRLA

Vetrinum var startað með skemmtilegri og umfram allt spennandi nýjung sem bar heitið *Hestafjör Sörla* sem var 10 vikna námskeið ætlað börnum og unglingum á aldrinum 10. til 18. ára sem áttu hest eða höfðu aðgang að hesti en Sörli aðstoðaði þá sem þurftu að fá útvegaðan hest á meðan á námskeiðinu stóð. Hesthús var fengið að láni hjá félagsmanni svo krakkarnir gætu verið með hestana saman í húsi. Kennarar voru þau

Friðdóra Friðriksdóttir og Matthías Kjartansson. Fjöldi þátttakanda var takmarkaður eða alls 12 pláss, fullt var á námskeiðið sem tókst afar vel og er komið til að vera.

Hópnum var skipt upp eftir aldri og reynslu. Námskeiðið hófst 13. október á bóklegu námi og verklegt nám byrjaði 15. Nóvember og var kennt tvisvar í viku. Þema námskeiðsins var þrautabraut og skemmtun og var lögð áherslu á sem fjölbreyttasta kennslu, meðal annars umhirða og hirðing hesta, ásetuæfingar, gangtegundir, fimi og þrautabrautir. Kennsla fór fram í reiðhöllinni en einnig var farið í reiðtúra, þegar veður leyfði. Námskeiðið endaði 15. desember með glæsilegri sýningu þar sem nemendurnir sýndi hæfni sína í að leysa hinar ýmsu þrautir.



FERÐ Í FÁKASEL

Nefndin stóð fyrir ferð í Fákasel þann 11. desember og mættu um 20 manns. Um var að ræða sérstaka Jólabarnasýningu á íslensku. Þegar sýningunni lauk fékk hópurinn að kíkja bakvið í hesthúsið og boðið var uppá kakó og piparkökur.

HUGMYNDAFLUGSFUNDUR

Nefndin var með hugmyndaflugsfund á Sörlastöðum þann 18. desember þar sem krökkum og foreldrum gafst tækifæri á að spjalla við nefndina og koma með sínar hugmyndir fyrir starf vetrarins. Einnig var ætlunin að kynna fyrir þeim þá dagskrá sem búið var að skipuleggja fyrir veturinn. Mæting var fremur dræm en þó komu margar góðar hugmyndir fram á fundinum.

SAMEIGINLEGT JÓLABALL

Hestamannafélögin Fákur, Hörður, Sóti, Sprettur og Sörli stóðu í annað sinn fyrir sameiginlegu Jólaballi sem að þessu sinni var haldið í Guðmundarstofu í Víðidal þann 29. desember. Jólaballið var hin besta skemmtun þar sem dansað var í kringum Jólatréð auk þess sem Jólasveinnarnir mættu á svæðið með góðgæti í poka fyrir krakkanna. Öll börn fóru glöð og kát heim að balli loknu.

ÖRYGGISFRÆÐSLA Í HESTAMENNSKU

Öryggisfræðsla á vegum æskulýðsnefndar var haldin sunnudaginn 15. Janúar á Sörlastöðum í samstarfi við VÍS og Neyðarlínuna og voru allir velkomnir, jafnt ungir sem aldnir en svo vildi til að enginn mætti á viðburðin.

Okkur þykir öryggismál eiga á pallborðið við alla sem stunda hestamennsku og þótti því miður að fólk sæi sér ekki fært að mæta. Öryggismálum í hestamennsku hefur verið ábótavant að okkar mati, saman ber hina gömlu klisju að detti einstaklingur af baki sé mikilvægast að hann drífi sig strax aftur á bak en mikilvægast er að staldra við og leiða hugan að því hvernig var fallið eða byltan og hvort viðkomandi gæti hafa meitt sig áður en staðið er upp. Þessari hugsun viljum við breyta og hföum því talað fyrir þeim málstað.

FRÆDSLUSPJALL MEÐ ELLA SIG

Nefndin stóð fyrir mjög fróðlegu og skemmtilegu fræðsluspjalli við skeiðkappann Ella Sig. sem kom til okkar sunnudag 22. janúar á Sörlastaði og spjallaði um sína hestamennsku, upphafið og ferilinn. Allir voru velkomnir að koma og spyrja og spjalla. Mæting var nokkuð góð en meðalaldurinn heldur í hærri kantinum. Elli ólst upp við mikla grósku í hestamennskunni og var afar fróðlegt að heyra hvernig hans uppeldi í hestamennskunni var.

BINGÓ

Hið árlega Bingó var haldið 5. Febrúar. Mæting var með ágætum og líkt of fyrri ár var boðið upp á pizzur í hléinu, sem runnu ljúft ofan í Bingógesti. Í boði voru hreint út sagt glæsilegir vinningar og voru spilaðar 14 umferðir. Fóru ansi margir vinningshafar sáttir heim með veglega vinninga.

BARNNÁMSKEIÐ SÖRLA

Sörli bauð uppá reiðnámskeið fyrir börn 13 ára og yngri. Námskeiðið hófst 19. febrúar og var kennd í sex vikur. Kennari var Matthías Kjartansson. Þeir sem ekki höfðu aðgang að hesti en vildu sækja námskeiðið fengu hesta til afnota hjá Hraunhestum.



GRÍMULEIKAR SÖRLA

Hið árlega Grímutölt Sörla var haldið 11. mars en bar nú heitið Grímuleikar Sörla þar sem heimilt var að ríða annað hvort tölt eða brokk. Þar mættu pollar bæði teymdir og ríðandi, allt frá 2ja ára aldri í grímubúningunum sínum og bar einnig að líta skrautlega skreytta hesta.

Flokkaskipting var með óhefðbundunum hætti enda um óhefðbundið mót að ræða. Flokkarnir skiptust í Börn (10-13 ára), Unga fólkið (14-17) Sjálfráða fólk (18 ára og eldri) auk þess sem keppt var í Formannatölti, þar sem formenn nefnda eða fulltrúi þeirra kepptu sín á milli. Í ár var Formannatöltið með breytti sniði þar sem í þeim flokki

voru óhefðbundin úrslit. Fimm efstu formennirnir voru látnir keppa til úrslita og hafði þar gæði hestsins ekkert að segja, þar sem hestunum var skip út í stað kústskaftshesta sem virtust sumir hverjir vera heslt til ódælis klárar. Úrslit var tímaþraut og þurftu keppendur að leysa þrautir á sem bestum tíma. Hin óhefðbundin úrslit voru svo ekki sé meira sagt hin besta skemmtun. Teljum við að óhefðbundin úrslit gætu verið komin til að vera.

LEIKJADAGUR

9. apríl var haldinn í annað sinn leikjadagur þar sem krakkarnir komu saman, ásamt foreldrum eða forráðamönnum án hesta sinna og áttu glaðan dag saman í leik og skemmtun. Rúmlega hálf reiðhöllin var tekin undir hoppukastala að ýmsu tagi og skemmtu börn sér á öllum aldri einstaklega vel. Þegar dagskránni lauk fengu allir þátttakendur páskaegg nr. 3 með sér heim.



ÆSKAN OG HESTURINN

Þann 30. apríl mættu Sörlakrakkar, ásamt krökkum frá Fákí, Herði og Spretti í TM höllina í Víðidal þar sem tvær sýningar *Æskan og hesturinn* voru haldnar. Voru atriðin öll hin glæsilegustu og skemmtilegt að sjá hve gaman krakkarnir höfðu af þessu og hve mikið var lagt í undibúing atriðanna.

Undirbúningur fyrir Æskan og hesturinn hjá okkur í Sörla byrjaði snemma og voru allir hvattir sem áhuga höfðu að taka þátt í sýningunni að mæta og vera með í undirbúningnum. Nefndin bauð upp á pizzu á kynningarfundinum svo haldin var og fór enginn svangur heim.

Sörli sendi tvö atrið og var annað atriðið í höndum Brynhildar Gígju Ingvarsdóttur sem sýndi fimleika á hesti sínum en hitt atriði hét *Hestur með þjóð* og áttu krakkarnir mikinn þátt í að búa til og móta atriðið og gerðu sögu íslenska hestsins góð skil, allt frá landnámi til dagsins í dag í fjórum þáttum; Víkingar, Þarfasti þjónnin, Smalar og Áhuga- og keppnisknappar og lauk sýningu þeirra með gangtegundasýningu í gegnum höllina. Eftir sýningarnar hittust þáttakendur og aðstandendur á Sörlastöðum þar sem boðið var upp á hamburgara.



HESTARNIR OKKAR

Í tilefni alþjóðlega dags Íslenska hestsins héldum við sýning á Sörlastöðum 1. maí sem bar heitið *Hestarnir okkar* og gerði æska honum hátt undir höfði og sýndi margar hliðar okkar einstaka hests. Í tilefni dagsins var einnig boðið uppá vöfflukaffi.

Glæsilegur hópur keppnis-barna, unglunga og ungmenna í Sörla opnaði sýninguna. Því næst sýndi Brynhildur Gígja Ingvarsdóttir fimleika á hesti. Í kjölfarið kom atriði sem hét *Kapplaup um klárinn* en þar kepptu unglunga úr félaginu í því að ná klárnum sínum, leggja á hann og ríða einn hring. Þau stiltu sér upp á miðju gólfinu með hnakk og beisli síðan voru hestarnir reknir inn og færðist þá fjör í leikinn. Sigur úr bítum bar Jónas Aron Jónasson. Á eftir unglingunum var komið að körlum á

ýmsum aldri að etja kappi og fór sú keppni fram með þeim hætti að þeir áttu að halda sig innan ákveðina marka í öðrum enda hallarinnar svo er tónlistin stoppaði áttu þeir að ríða yfir völlinn og datt sá síðast út í hverri umferð. Þar bar sigur úr bítum Kristján Jónsson. Að lokum var atriðið *Hestur með þjóð* sýnt og saga hestsins rakin.

Að sýningu lokinni bauð hestaleigan Hraunhestar krökkum á bak og teymt var undir þeim í höllinni. Dagurinn tókst frábærlega vel og má það þakka unga fólkinu okkar sem lagði sig fram um að gera sýninguna sem glæsilegasta.



FJÖLSKYLDUFERÐ Í KRÍSUVÍK

Nefndir Sörla ásamt stjórn efndu til fjölskylduferðar í Krýsuvík dagana 27. - 28.maí. Hugmyndin kom upp vegna vel heppnaðrar fjölskylduferðar æskulýðs- og ferðarnefndar á Löngufjörur vorið 2016. Einnig þótti tímabært að endurvekja

Krýsuvíkurfærðirnar, en Krýsuvík er afnotasvæði Sörlafélaga og þótti því upplagt fyrir félagsmenn að kynna sér aðstæður og reiðleiðir þangað.

Ríðið var af stað frá Sörlastöðum að morgni laugardagsins og sem leið lá í Krýsuvík. Þar sótti rúta mannskapinn og keyrði hópinn að Sörlastöðum þar sem var grillað og fara í leiki. Á sunnudeginum keyrði rútan mannskapin í Krýsuvík aftur þar sem ríðið var sömu leið til baka í Hafnarfjörðinn. Þátttökugjald var mjög hóflegt og var til að mynda frítt fyrir 14 ára og yngri.

Þetta þótti upplagt tækifæri til að þjálfra hrossin fyrir sleppitúr og gera sér glaðan dag. Einnig var ferðin tilvalin til að öðlast innsýn í heim hestaferða og var vel mætt bæði í hestaferðina og skemmtunina að Sörlastöðum. Fjölskylduhestaferð Sörla er klárlega komin til að vera!



OPIÐ POLLAGÆÐINGAMÓT

Nefndin hélt í fyrsta sinn opið pollagæðingamót þann 1. júní að Sörlastöðum og var mótið opið öllum 9. ára á árinu og yngri. Keppt var í pollar teymdir, pollaltölt og pollaflokkur. Ríðið var eftir þul og keppt eftir reglum LH nr. 7.7.4.1 Pollagæðinga-keppni. Mótið tókst vel í alla staði og fóru stoltir pollar heim að móti loknu.



BARNA OG POLLANÁMSKEIÐ

Barna og pollanámskeið voru haldin að venju en þessi námskeið eru alltaf vel sótt. Að þessu sinni voru fengnir hestar að láni hjá Hraunhestum fyrir þau börn sem ekki hafa aðgang að hestum. Kennari var Matthías Kjartansson.

KNAPAMERKJANÁMSKEIÐ

Boðið var uppá knapamerki 1, 2, 3 og 4. Bæði bóklegt og verklegt. Kennslan fór fram tvisvar í viku. Knapamerki hafa notið mikilla vinsælda í Sörla undanfarin ár. Kennsla var í höndum þeirra Friðdóru Friðriksdóttur og Ólafs Ásgeirssonar.

OPNIR TÍMAR MEÐ LEIÐSÖGN

Nefndin hélt áfram að bjóða uppá opna tíma með leiðsögn á fimmtudögum í vetur krökkum að kostnaðarlausu. Þar fengu kakkarnir tækifæri á að leita til reiðkennara með þau vandamál sem þau gætu verið í og til að fá leiðsögn til að bæta sig og hestinn sinn. Ákveðið var að einfalda umfangið og semja einungis við fjóra reiðkennara um að sjá um tímana í vetur. Fyrsti opni tími ársins var 5. Janúar. Tveir tímar voru í boði þ.e. fyrri tíminn fyrir meira vana og seinni tími fyrir minna vana. Seinasti opni tíminn var 30. Mars. Tímanir voru jafnan vel sóttir. Kennarar voru þeir Atli Guðmundsson, Matthías Kjartansson, Ólafur Ásgeirsson og Sindri Sigurðsson.



ÞAKKIR

Það er gæfa æskulýðsstarfsins ef félagsmenn eru öflugir að hjálpa til þegar leitað er eftir því og ber að þakka öllum þeim sem hjálp veittu fyrir samstarfið á árinu. Að öllum öðrum ólöstuðum ber að nefna nokkra aðila sem lögðu okkur lið með vinnu sinni. Það voru þau Atli Guðmundsson, Erling Ólafur Sigurðsson, Friðdóra B. Friðriksdóttir, Huginn Breki Leifsson, Lilja Pálsdóttir, Jóhanna Freyja Ásgeirsdóttir, Jónína Valgerður Örvar, Sigurður Emil Ævarsson, Sindri Sigurðsson, Svavar Arnfjörð, Sævar Leifsson, Þórir Örn Grétarsson og Þórunn Ansnes.

Fjölmörg fyrirtæki studdu starfið og gerðu það með myndarskap og hlýhug. Erfitt væri að hafa starfið jafn öflugt og raun ber vitni án þeirra stuðnings. Við sendum eftirtöldum fyrirtækjum bestu þakkir fyrir stuðninginn: Brimco, Burger-inn, Furuflís, Góa, Hafnarfjarðarbær, Hestar og menn, Hrímnir, Icewear, Lagnafóðrun, Lindin, Lífland, Neyðarlína, Rio Tinto Alcan, Skemmtigarðurinn, Skógarvinnslan, Söðlaverkstæði Jóns Sigurðssonar, Vaxa og VÍS auk þeirra sem lögðu okkur lið en vilja eiga láta sín getið.